



Stjórnarskrárnefnd
Forsætisráðuneyti
Stjórnarráðshúsinu
101 Reykjavík

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 105 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 8. mars 2016
Tilvísun: UTN16020165/01.T.001
SHJ/jbb

Vísað er til erindis forsætisráðuneytis, dags. 23. febrúar 2016, þar sem upplýst er að stjórnarskrárnefnd hafi birt drög að þremur nýjum ákvæðum í stjórnarskrá, um auðlindir náttúru Íslands, umhverfi og náttúru og þjóðaratkvæðagreiðslur. Í erindinu var þess farið á leit að umrædd ákvæði yrðu tekin til skoðunar á viðeigandi vettvangi innan þeirra ráðuneyta sem viðkomandi málefni varðar.

Af þessu tilefni skal rifjað upp að utanríkisráðuneytið hefur á fyrri stigum nefndarstarfsins veitt umsögn um fyrstu áfangaskýrslu stjórnarskrárnefndar, sbr. bréf ráðuneytisins dags. 30. september 2014 (UTN14090220/01.T.001). Þar var því fagnað að nefndin hefði forgangsraðað umfjöllun um framsal ríkisvalds í starfi sínu og bent á að aukið alþjóðlegt samstarf reyndi ítrekað á þanþol stjórnarskrárinnar að þessu leyti. Með hliðsjón af fram komnum tillögum er fullt tilefni til að áréttta þýðingu þess að þetta mikilvæga mál verði einnig til lykta leitt á vettvangi nefndarinnar.

Í fyrstu áfangaskýrslu nefndarinnar var enn fremur gefið til kynna að fjallað yrði um þjóðaratkvæðagreiðslur í tengslum við gerð samninga af þessu tagi. Af því tilefni var í umsögn ráðuneytisins hvatt til að ákvæði af því tagi yrðu útfærð með hliðsjón af því að samningar við önnur ríki og alþjóðastofnanir væru eftir atvikum ekki allir jafn vel fallnir til að vera andlag atkvæðagreiðslu af þessu tagi. Í mörgum tilvikum varði þeir afar takmörkuð og skýrt afmörkuð tilvik, sem ekki hefðu mikla almenna skírskotun, og oftast en ekki mætti líta á þá sem þátttöku í eðlilegri þróun alþjóðlegs samstarfs sem Ísland hefði átt aðild að um árabil.

Ástæða er til að rifja þetta upp þegar litið er til tillagna nefndarinnar um þjóðaratkvæðagreiðslur að frumkvæði kjósenda. Í drögum að ákvæðinu kemur fram í 2. mgr. að fimmtán af hundraði kosningarbærra manna geti krafist þess að ályktun Alþingis um gerð milliríkjasamninga skv. 21. gr. verði borin undir þjóðina í almennri atkvæðagreiðslu án nokkurs fyrirvara um að inntak samningsins gefi tilefni til þess. Að mati ráðuneytisins getur það haft neikvæð áhrif á starf Íslands á alþjóðavettvangi.

Af ummælum í greinargerð má ráða að það hafi ekki verið ætlan nefndarinnar að orða ákvæðið á svo víðtækan hátt. Þar kemur fram að það skuli eingöngu taka til tilvika varðandi nýjar þjóðréttarskuldbindingar (bls. 5, undir svörum við spurningu 5). Á hinn bóginn

endurspeglar orðalag ákvæðisins ekki þessa ætlan og geymir engan fyrirvara í þessa veru. Væri það þó þeim mun mikilvægara þegar til þess er litið að þó nokkur fjöldi þeirra heimilda sem utanríkisráðherra leitar eftir á hverju löggjafarþingi til að fullgilda eða staðfesta milliríkjasamninga varða ekki nýja samninga í sjálfu sér, heldur leiða af alþjóðasamstarfi sem þegar er hafið eða er í tiltölulega föstum skorðum. Má í því samhengi nefna eftirfarandi dæmi til skýringar:

- Fríverslunarsamninga sem EFTA-ríkin gera við önnur ríki, og stjórnvöld hafa lagt fyrir Alþingi áður en fullgiltir eru af hálfu Íslands.
- Einnig má nefna fiskveiðisamninga Íslands við nágrannaríkin, s.s. milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, og samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, sem reglulega eru lagðir fyrir Alþingi. Aðrir alþjóðsamningar eins og á sviði viðskipta, umhverfismála o.s.frv.
- Fjölda tillagna til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem teknar hafa verið með stjórnskipulegum fyrirvara, með vísan til 103. gr. EES-samningsins. Langstærsti hluti þeirra á það sammerkt að varða mjög tæknileg atriði sem hafa litla almenna skírskotun.

Í öllum þessum tilvikum er um skuldbindingar að ræða innan ramma viðvarandi alþjóðasamstarfs sem á sér langa sögu. Almenn atkvæðagreiðsla um einstaka áfanga í því gæti haft afar óheppilegar afleiðingar og dregið úr trúðverðugleika Íslands í alþjóðlegu samstarfi af þessu tagi. Ráðuneytið telur að þessu virtu fulla ástæðu til að stíga varlega til jarðar við útfærslu ákvæðis af þessu tagi, sér í lagi þegar til þess er litið að fyrirmynd af því er ekki að finna í stjórnskipulagi þeirra ríkja sem helst eru skyld því íslenska.

Utanríkisráðuneytið lýsir sig sem endranær reiðubúið til samstarfs við stjórnarskrárnefnd um nánari útfærslur vegna ofangreinds.

F. r.
